

Strætó bs.
Pósthólf 9140
Pönglabakka 4
109 Reykjavík

Garðabæ, 19.06.2017
Mál nr. 1702159

Efni: Samþykkt tillögu um fjölgun ferða á Strætóleið 23 - Álftanes

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar sem haldinn var 15. júní sl. var til umfjöllunar minnisblað samráðshóps um almenningsamgögnur á Álftanesi, dags. 15. maí sl.

Á fundinum var eftirfarandi tillaga samþykkt.

„Bæjarstjórn samþykkir að frá og með hausti 2017 verði daglegum ferðum á Strætóleið 23-Álftanes fjölgað sem hér segir.


- Fyllt verði upp í eyður á akstri leiðar 23 á virkum dögum þannig að ekið verði samfellt á hálf tíma fresti. Auk þess verði einni viðbótarferð bætt við á kvöldin og eftir það tveimur ferðum í pöntunarþjónustu.
- Strætó aki að lágmarki með klukkutíma tíðni bæði á laugardögum og sunnudögum, þó sé horft til þess að hugsanlega er ekki mikill kostnaðarmunur á klukkutíma og hálf tíma akstur tíðni. Síðasta kvöldferð vagnsins og pöntunarþjónusta á kvöldin verði eins og á virkum dögum

Litið skal á verkefni þetta sem tilraunaverkefni til a.m.k. tveggja ára sem fylgt verði eftir með markvissum rafrænum farþegatalningum svo að hægt sé að meta í lok verkefnisins með áreiðanlegum hætti hvort og þá hvenær og hvar á leið 23 farþegafjöldi eykst í kjölfar framangreindra breytinga“

Fulltrúi Garðabæjar í stjórn Strætó bs, Gunnar Valur Gíslason, bæjarfulltrúi mun fylgja tillögunni eftir.

Þetta upplýsist hér með.

Virðingarfyllt,



Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari

Meðfylgjandi:

Samþykkt tillaga ásamt greinargerð.
Minnisblað samráðshóps.